

Reykjavík 17.2.2019

**Til: framkvæmdarstjóra**

**Frá: Rekstarstjóra EVST**

**Vegna: Ósk skrifstofu umhverfisgæða Reykjavíkur um morgunopnun endurvinnslustöðvarinnar á Sævarhöfða virka daga.**

**Undirritaður, rekstarstjóri endurvinnslustöðva SORPU og sveitarfélaganna (EVST) hefur tekið saman áætlun um breytingu á kostnaði við rekstur endurvinnslustöðvarinnar á Sævarhöfða ásamt mati á öðrum áhrifaþáttum.**

Endurvinnslustöðin á Sævarhöfða er sú endurvinnslustöð á höfuðborgarsvæðinu sem tekur við flestum heimsóknum og mestu magni á hverju ári. Árið 2018 var tekið við 196 þúsund viðskiptavinum og 14 þúsund tonnum af endurvinnsluefnum og úrgangi. Að jafnaði eru 4 starfsmenn við vinnu á Sævarhöfða, á álagstímum eins og um helgar er stundum fjölgað um 1.

Í dag er opnunartími endurvinnslustöðvanna samræmdur, þær opna kl 12:00 og er lokað kl 18:30 alla daga vikunnar, með einni undantekningu, en endurvinnslustöðin á Breiðhelli opnar kl 8:00 virka daga. Þessi aukaopnun var ákveðin í kjölfar ákalls um að hægt væri að losa úrgang á suðursvæði höfuðborgarsvæðisins fyrir hádegi á virkum dögum.

Fram er komin ósk frá skrifstofu umhverfisgæða Reykjavíkur ( sorphirðu Reykjavíkurborgar) um að opnunartími endurvinnslustöðvarinnar á Sævarhöfða verði aukinn. Lagt er til að stöðin opni kl 8:00 virka daga. Væntingar sorphirðu Reykjavíkur eru að breytingin muni fækka afgreiðslum minni farma á morgnana í móttöku- og flokkunarstöð SORPU í Gufunesi sem verði til þess að tafir sorphirðubíla Reykjavíkurborgar verði minni.


Síðustu ár hefur magn sem skilað er inn á EVST aukist mikið, jafnframt hefur heimsóknum fjölgað. Opnunartími allra EVST var stytur árið 2017 til fjárhagslegrar hagræðingar. SORPU berast reglulega óskir um morgunopnun á endurvinnslustöð sem er nær miðju höfuðborgarsvæðisins. Ef til kemur að opnunartími á Sævarhöfða verður aukin má búast við að heimsóknir og magn færast milli stöðva þó ekki sé gert ráð fyrir að það verði mikið. Rétt er að hafa í huga að áður fyrr var mismunandi opnunartími á milli endurvinnslustöðvanna á höfuðborgarsvæðinu. Það olli endalausum misskilningi, kvörtunum og sóðaskap við endurvinnslustöðvarnar.

Endurvinnslustöðin á Sævarhöfða ásamt öðrum endurvinnslustöðvum er rekin samkvæmt samningi sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og SORPU sem gerður var 2007. Í þeim samningi er m.a. kveðið á um þjónustutíma og rúmast aukinn opnunartími á Sævarhöfða innan þess hámarks þjónustutíma, 327 tímar á viku samtals fyrir allar stöðvar, sem samningurinn kveður á um. Opnunartíminn á Sævarhöfða er í dag 45.5 tímar í viku og verður 65,5 tímar á viku.

SORPA hefur eins og áður segir, reynslu af ósamræmdum opnunartíma EVST og má búast við fjölgun úrgangsfarma utan við þær stöðvar sem ekki opna á morgnana eftir breytingu opnunartíma.

Þeir kostnaðarliðir sem breytast við aukna opnun eru, laun, flutningur og ráðstöfun úrgangs. Þess má jafnframt vænta að tekjur í hliði aukist að sama skapi.

**Launakostnaður:** Lagt er upp með að lengja vakt vaktstjóra um 4 tíma hvern virkan dag. Ráðinn verði einn starfsmaður með viðveru 8:00 til 16:00 virka daga og vakt eins starfsmanns verði lengd um tvo tíma. Mönnun virka dag verður þá á þá leið að tveir starfsmenn eru mættir kl 7:45, stöðin opnar kl. 8:00, kl. 9:30 bætist við einn starfsmaður, kl. 11:30 koma síðustu tveir til vinnu. Klukkan 16:00 hættir daglaunamaðurinn og hinir 4 loka stöðinni kl 18:30.



Mynd 1. Tillag að mönnun á Sævarhöfða eftir að opnunartími hefur verið aukinn.


Launakostnaður vegna þessarar breytingar er áætlaður 11,8 milljónir á ársgrundvelli.



Mynd 2. Mælaborð EVST. Fjöldi heimsókna á Breiðhelli árið 2018, skráð sem fjöldi á klst.

Magnaukning. Ekki er reiknað með annarri magnaukningu á Sævarhöfða en þeirri sem færir frá Móttökustöð í Gufunesi (MTST). Vissulega má búast við að móttekið magn á Sævarhöfða muni aukast meira með auknum þjónustutíma en hér verður gert ráð fyrir að það magn hefði annars komið inn á aðrar EVST. Losun og flutningur gáma frá Sævarhöfða fer að mestu fram fyrir opnunartíma eins og hann er í dag (þ.e.a.s. milli 08:00 og 12:00). Losun og flutningur verður áhættu- og tafsamari þegar losun fer fram á opnunartíma stöðvarinnar.

Fjöldi sölupantana eftir stærð farms [kg]



Mynd 3. Mælaborð MTFS árið 2018.

Í mælaborði MTF5 kemur fram að fjöldi farma með 500 kg eða minna eru um 17 þúsund árið 2018. Að því gefnu að ásættanlegur árangur af umræddri breytingu væri að 33% af förmum undir 500 kg færu á Sævarhöfða og að meðalþyngd væri 150 kg ( meðalþyngd á Sævarhöfða árið 2018 var 71kg ) þá eykst magn inn á Sævarhöfða um 840 tonn. Aukin kostnaður vegna magnaukningar er áætlaður 10,9 milljónir. Gert er ráð fyrir að samsetning nýrra farma sé samskonar og skilað er á EVST.

Tekjur vegna sölu í hliði miðað við núverandi innheimtuhlutfall er áætlað 1,3 milljón. Að því gefnu að þeir viðskiptavinir sem færast yfir á Sævarhöfða verði í herra hlutfalli fyrirtæki og þar af leiðandi gjaldskyldir er hér reiknað með að innheimtuhlutfallið verði 50 % og tekjur í hlið því áætlaðar 7,5 milljónir.

Heildaráhrif vegna morgunopnunar á Sævarhöfða virka daga:

Launakostnaður	11,8 milljónir
Flutningur og ráðstöfun úrgangs	10,9 milljónir
<b>SAMTALS KOSTNAÐARAUKI Á ÁRI:</b>	<b>22,7 milljónir</b>

Á móti koma auknar tekjur vegna innheimtu í hliði.

Þeir útgjaldaliðir sem hækka vegna aukinnar opnunar eru laun, flutnings og ráðstöfunarkostnaður aukins magns úrgangs. Samtals er áætlað að hækkun kostnaðar verði 22,7 milljón. Tekjur vegna fjölgunar gjaldskyldra frama eru áætlaðar 7,5 milljón. **Samtals kostnaðarauki 15,2 milljón.**

Önnur áhrif eru að aukin opnun hækkar jafnframt þjónustustig endurvinnslustöðva SORPU, þó misskilningur vegna mismundandi opnunartíma gæti einnig valdið óánægju viðskiptavina. Breytingin mun auka áhættu af slysum við losun gáma á opnunartíma.



Guðmundur Tryggvi Ólafsson

Rekstrarstjóri endurvinnslustöðva.